

4	167.	Tannflaga úr dýrum málm, auk málmverðs	kr. 7.00
14. febr.	168.	Hver tönn fest á þá flögu (167)	— 5.00
	169.	Fyrir stingtönn	— 5.00
	170.	Fjaðrir og fjaðrahöld úr gulli á heilan tanngarð	— 7.00

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 14 febrúar 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

5
14. febr.

Reglugjörð

um

breyting á prófreglugjörð 18. apríl 1907 fyrir gagnfræðadeild hins almenna mentaskóla í Reykjavík.

Í stað 7. gr. prófreglugjörðar 18. apríl 1907 kemur ný (7.) grein, er orðast þannig:

Við gagnfræðapróf skal gefa þessar einkunnir 8, 6, 4, 2, 0. Við samlagning á þessum einkunnum geta komið fram millieinkunnirnar 7, 5, 3 og 1. Einkunnina 8 skal aðeins gefa þá er frammistaða nemandar er óvenjulega góð, en einkunnina 0 aftur á móti, er frammistaðan er afar aumleg. Fyrtaldar einkunnir: 8, 6, 4, 2, 0, skal og gefa á skólaárinu og reikna árseinkunnina út eftir þeim. Við þann útreikning geta komið fram síðartaldar einkunnir (millieinkunnirnar 7, 5, 3 og 1). Sleppa skal öllum brotum, en halda einungis heilu tölunum, eigi aðeins þegar deilt er einkunnum þeim, sem gefnar eru á skólaárinu, heldur einnig þegar meðaltal er tekið af árseinkunninni og prófseinkunninni.

Árseinkunn fyrir frágang á skriflegum úrlausnum kemur út við það, að lagðar eru saman einkunnir þær, sem allir kennarar í námsgreinum þessum hafa gefið á skólaárinu, og útkomunni síðan deilt með tölu einkunnanna; komi út meira brot en $\frac{1}{2}$, sje það hækkað upp í heilan, en $\frac{1}{2}$ broti og þaðan af minna sje slept.

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 14. febrúar 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.